



 Lífeyrissjóður
sjómanna

ÁRSSKÝRSLA 2001



Ársskýrsla

Lífeyrissjóðs sjómanna 2001

Efnisyfirlit:

	Bls.
Ávarp stjórnarformanns	3
Stjórn og starfsfólk	4
Iðgjöld	6
Lífeyrir	7
Lán til sjóðfélaga	8
Fjárfestingarstefna	8
Fjárfestingar og verðbréfaeign	10
Fjárfestingar erlendis	11
Ávöxtun	12
Tryggingafræðileg úttekt	13
Séreignardeild	14
Ársfundur 2001	14
Hæstaréttardómur	15
 Ársreikningur:	
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	17
Áritun endurskoðenda	18
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	19
Efnahagsreikningur	20
Yfirlit um sjóðstreymi	21
Skýringar	22
Kennitölur	26
Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris	27
Efnahagsreikningur deilda	28
Yfirlit um sjóðstreymi deilda	29
 Financial Statements:	
Endorsement by the Board of Director's and Managing Director	31
Auditor's Report	32
Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments	33
Balance Sheet	34
Statement of Cash Flows	35
Financial Indicators	36

Ávarp stjórnarformanns

Í desember á síðasta ári skilaði fjármálaráðherra skýrsla um reynsluna af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem sett voru á árinu 1997. Í skýrslunni kemur fram að góð reynsla sé af lögnum þau ár sem liðin eru frá lagasetningunni og að ekki sé ástæða til breytinga. Fagna ber þessari niðurstöðu þar sem góð sátt er um það lífeyriskerfi sem við búum við, en reglulega koma fram hugmyndir um breytingar á lífeyrissjóðakerfinu sem gætu kollvarpað því. Dæmi um slíkt er lagafrumvarp sem fjórir þingmenn hafa lagt fram, þar sem gert er ráð fyrir því að launamenn geti valið sér þann lífeyrissjóð sem greiða skal til. Með sérstökum aðgerðum stjórnvalda og aðila vinnu- markaðarins á síðustu árum sem hvetja landsmenn til viðbótarlífeyrissparnaðar eru möguleikar launafólks til þess að skapa sér viðunandi lífeyri að lokinni starfsævi orðnir mjög góðir og engin ástæða til grundvallarbreytinga á kerfinu.

Á síðasta ári setti Fjármálaeftirlitið nýjar ítarlegar reglur um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða, þar sem gerðar eru mun strangari kröfur en áður um þau atriði sem taka skal mið af. Stjórnendur Lífeyrissjóðs sjómanna leggja mikla áherslu á fagleg vinnubrögð við fjárfestingar sínar og fjárfestingarstefnan er í stöðugri endurskoðun.

Fjármálamarkaðir voru lífeyrissjóðum óhagstæðir á árinu 2001 líkt og árið áður. Ávöxtun Lífeyrissjóðs sjómanna var neikvæð annað árið í röð og má rekja það til neikvæðrar ávöxtunar á hlutabréfum bæði innanlands og utan. Á undanförunum árum hafa verið meiri sveiflur í ávöxtun sjóðsins en áður. Það skýrist af meira vægi innlendra og erlendra hlutabréfa í verðbréfaeign sjóðsins. Tilgangurinn með því að fjárfesta í hlutabréfum er að ná betri ávöxtun til lengri tíma og til þess að ná þeim árangri þarf sjóðurinn að sætta sig við meiri sveiflur í ávöxtun heldur en ef aðeins yrði fjárfest í skuldabréfum.

Vegna neikvæðrar ávöxtunar og ekki síður vegna þess að sjóðurinn veitir betri réttindi en almennt þekkist hjá öðrum lífeyrissjóðum án bakabyrgðar launagreiðenda, versnaði tryggingafræðileg staða sjóðsins frá fyrra ári. Sjóðurinn er þó enn innan þeirra marka sem lög um starfsemi lífeyrissjóða setja, en ef ekki verður tekið á vanda sjóðsins mun staðan fara út fyrir leyfileg mörk á næsta ári að mati tryggingafræðings sjóðsins, þar sem þá verða notaðar nýjar töflur um lífslíkur sem sýna að þær eru að aukast. Þess vegna hefur stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna samhljóða komist að þeirri niðurstöðu að óska eftir því við fjármálaráðherra að flutt verði frumvarp til breytinga á lögum sjóðsins til þess að bæta stöðu hans. Þar er gert ráð fyrir að breytt verði ákvæðum um makalífeyri til samræmis við það sem þekkist hjá öðrum almennum sjóðum. Einnig mun öllum sjóðfélögum verða gert kleift að hefja töku ellilífeyris frá 60 ára aldri, nái fyrirhugaðar breytingar fram að ganga.

Lífeyrisgreiðslur hækkuðu á milli ára um rúm 12% og námu 975 milljónum króna. Skipting á milli einstakra tegunda lífeyris á árinu var mjög svipuð því sem verið hefur undanfarin ár. Enn er hlutfall örorkulífeyris hæst eða 43% af heildar lífeyrisgreiðslum og veldur það stjórn sjóðsins miklum áhyggjum að þetta háa hlutfall örorkulífeyris lækkar ekki.

Í lok síðasta árs féll Hæstaréttardómur í máli Lífeyrissjóðs sjómanna gegn íslenska ríkinu. Mál þetta höfðaði sjóðurinn vegna lagabreytinga frá árinu 1981 þar sem lagðar voru álögur á sjóðinn með breytingum á reglum um töku ellilífeyris fyrir 65 ára aldur, án þess að gengið væri frá því hvernig skyldi standa straum af þeim kostnaði sem leiddi af breytingunni. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að lagabreytingin hefði ekki leitt til þess að fjármunir væru teknir frá Lífeyrissjóði sjómanna, heldur hefðu greiðslur hans til ákveðinna sjóðfélaga aukist á kostnað heildarinnar. Því hafi lagabreytingin í raun þýtt tilfærslu réttinda milli félaga í lífeyrissjóðnum. Ríkið var því sýknað af öllum kröfum sjóðsins. Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna telur þessa niðurstöðu óásættanlega og hefur ákveðið að vísa málinu til Mannréttindanefndar Evrópu.

Rekstur séreignardeildar Lífeyrissjóðs sjómanna gekk vel á árinu 2001, raunávöxtun var jákvæð sem teljast verður gott á því ári, og rétt höfum fjölgaði mjög. Til þess að koma til móts við mismunandi þarfir sjóðfélaga hefur stjórn sjóðsins ákveðið að bjóða upp á fleiri fjárfestingarleiðir í séreignarsparnaði frá 1. júlí 2002. Sjómenn eru hvattir til að kynna sér kosti séreignarsparnaðar því að ekki leikur nokkur vafi á því að þar er um mjög áhugaverða sparnaðarleið að ræða sem dýrt er að nýta sér ekki.

Ég vil þakka samstjórnarmönnum, starfsmönnum sjóðsins sem og sjóðfélögum og atvinnurekendum sem greiða til sjóðsins gott samstarf á árinu.

Gunnar I. Hafsteinsson stjórnarformaður.

Stjórn og starfsfólk

Stjórn sjóðsins skipa átta menn, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands, sem hvert um sig tilnefnir einn stjórnarmann, og Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum atvinnulífsins, sem hvort um sig tilnefnir tvo stjórnarmenn. Sömu aðilar skipa varamenn í stjórnina.

Fulltrúar atvinnurekenda og launþega fara með formennsku til skiptis eitt ár í senn. Kjörtímabil stjórnar er 3 ár og hófst kjörtímabil núverandi stjórnar 15. júní 1999. Stjórn sjóðsins 1999-2002 skipa eftirtaldir:

Ásgeir Valdimarsson, fulltrúi SA
Benedikt Valsson, fulltrúi FFSÍ
Friðrik Eggertsson, fulltrúi VSFÍ
Guðmundur Ásgeirsson, fulltrúi SA

Gunnar I. Hafsteinsson, fulltrúi LÍÚ
Konráð Alfreðsson, fulltrúi ASÍ
Jónas Garðarsson, fulltrúi SSÍ
Þórhallur Helgason, fulltrúi LÍÚ



Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna f.v.: Ásgeir Valdimarsson, Konráð Alfreðsson, Benedikt Valsson, Guðmundur Ásgeirsson, Gunnar I. Hafsteinsson, Þórhallur Helgason, Jónas Garðarsson og Friðrik Eggertsson.



Starfsfólk Lífeyrissjóðs sjómanna í mars 2002: Sitjandi f.v.: María J. Guðmundsdóttir, Þrúður J. Kristjánsdóttir, Kristrún Á. Sigurðardóttir og Sigrún Erlendsdóttir. Standandi f.v.: Tryggvi Tryggvason, Örn Guðnason, Valdimar Óskarsson, Brynja Rut Brynjarsdóttir, Valgerður Hanna Hreinsdóttir, Aðalheiður Björnsdóttir og Árni Guðmundsson.

Skrifstofa sjóðsins er að þverholti 14 og hjá sjóðnum störfuðu á árinu 2001 eftirtaldir 10 starfsmenn:

Starfssvið:


Aðalheiður Björnsdóttir	smábátar, afgreiðsla
Árni Guðmundsson	framkvæmdastjóri
Brynja Rut Brynjarsdóttir	bókhald
Kristrún Á. Sigurðardóttir	gjaldkeri
María J. Guðmundsdóttir	lífeyrismál
Nanna Þórarinsdóttir	skráning
Sigrún Erlendsdóttir	lífeyrismál
Tryggvi Tryggvason	sjóðstjóri/aðstoðarframkvæmdastjóri
Valgerður Hanna Hreinsdóttir	lánamál sjóðfélaga
Valdimar Óskarsson	innheimta iðgjalda

Iðgjöld


Iðgjöld til sjóðsins nema 10% af heildarlaunum og greiðir launþegi 4% og atvinnurekandi 6%. Iðgjaldagreiðslur falla niður við 70 ára aldur. Togarasjómenn og farmenn hafa frá upphafi greitt iðgjöld til sjóðsins af heildarlaunum, en bátasjómenn greiddu frá 1970 til 1985 aðeins ákveðið hlutfall af kauptryggingu. Frá árinu 1987 hafa allir sjómenn greitt iðgjöld af heildarlaunum.

Alls greiddu 5.800 sjóðfélagar hjá 642 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu 2001. Iðgjöld ársins námu samtals kr. 1.886 milljónum og hækkuðu um 13,6% frá árinu 2000.

Iðgjöld 1992-2001 á verðlagi hvers árs (í milljónum króna)



Iðgjöld árána 1992-2001 á verðlagi ársins 2001 (í milljónum króna)




Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur ársins 2001 námu samtals kr. 975 milljónum og hækkuðu um 12,2% frá árinu 2000. Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum var 51,8% á árinu 2001, en var 52,4% á árinu 2000, og lífeyrir sem hlutfall af hreinni eign var 2,18% á árinu 2001, en var 2,11% á árinu 2000.

Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok 2001 kr. 44.868 milljónir og hafði hækkað um 9% frá fyrra ári.

Skipting lífeyris 2001 (í milljónum króna)




Heildarlífeyrisgreiðslur 2001 og 2000:

	2001	2000	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	410.489.600	362.264.533	13,3%
Örorkulífeyrir	418.880.094	369.639.647	13,3%
Makalífeyrir	107.744.872	96.733.485	11,4%
Barnalífeyrir	38.107.689	40.413.325	9,4%
Samtals:	975.222.255	869.050.990	12,2%

Fjöldi lífeyrisþega:

	Des. 2001	Des. 2000	Des. 1999	Des. 1998
Fjöldi ellilífeyrisþega	1236	1158	1065	1001
- 65 ára og eldri	(1168)	(1091)	(997)	(922)
- Yngri en 65 ára	(68)	(67)	(68)	(79)
Fjöldi örorkulífeyrisþega	755	697	651	645
Fjöldi makalífeyrisþega	486	465	448	433
Fjöldi lífeyrisþega samtals:	2.477	2.320	2.164	2.079
Fjöldi barna sem fær barnalífeyri	435	424	413	423

Hrein eign til greiðslu lífeyris á verðlagi ársins 2001 (í milljónum króna)



Lán til sjóðfélaga

Lán til sjóðfélaga námu samtals 678 milljónum króna á árinu 2001 og drógust lánveitingar aðeins saman á árinu eftir mikla fjölgun lánveitinga á árunum 1999 og 2000. Í árslok 2001 námu útstandandi lán til sjóðfélaga 2.824 milljónum króna eða um 6% af heildareignum sjóðsins.

Réttur til láns miðast við fjölda daga sem sjóðfélagi hefur greitt til sjóðsins og samstarfssjóða. Til þess að eiga rétt á láni þarf sjóðfélagi að hafa greitt samtals í 800 daga. Hámarkslán er kr. 4.000.000,00 og lánstími er allt að 30 árum. Vextir af sjóðfélagalánum breytast á þriggja mánaða fresti og eru 0,5% hærri en ávöxtunarkrafa húsbrefta. Lántökugjald er 1% af lánsfjárhæð.


Lán til sjóðfélaga 1997 - 2001:

Ár	Útb. lán kr.
1997	165 milljónir
1998	152 milljónir
1999	412 milljónir
2000	850 milljónir
2001	678 milljónir


Fjárfestingarstefna

Á síðasta ári setti Fjármálaeftirlitið nýjar reglur um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og úttekt á ávöxtun. Lífeyrissjóður sjómanna hefur árlega mótað fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn frá árinu 1997. Við mótun fjárfestingarstefnu sjóðsins er tekið mið af mörgum þáttum og þeir helstu eru lög um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, aldursdreifing sjóðfélaga, áhrif lífeyrisbyrðar, áætlað framtíðargreiðsluflæði, tryggingafræðileg úttekt, núverandi eignasamsetning og horfur á verðbrefamarkaði. Athugun á þessum þáttum leiðir í ljós að tiltölulega langt er í að farið verði að ganga á eignir sjóðsins og áætlað er að lífeyrisgreiðslur verði orðnar jafnháar iðgjöldum árið 2011. Því hafi stjórnendur sjóðsins nokkurt svigrúm við val á eignaflokkum og tímalengd fjárfestinga. Meðalaldur sjóðfélaga er tilltölulega lágur eða 43,4 ár. Það þýðir að enn er langt í að lífeyrisgreiðslur komi fram af fullum þunga og að sjóðurinn geti lifað við töluverðar sveiflur í ávöxtun.

Lífeyrisbyrði (lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum)



Aldurssamsetning sjóðfélaga



Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðsins miðar að því að eignasamsetning sjóðsins verði með neðangreindum hætti í árslok 2001 (heimild til þess að auka eða minnka vægi hvers verðbréfaflokks er 25%):

Innlend og erlend verðbréf samtals	100%
Innlend verðbréf	75%
Innlend skuldabréf samtals	65%
Ríkisskuldabréf	43%
Skuldabréf banka og sparisjóða	8%
Veðskuldabréf	8%
Fjárfestingalánasjóðir	2%
Skuldabréf fyrirtækja	2%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2%
Innlend hlutabréf	10%
Erlend verðbréf	25%

Fjárfestingar og verðbréfaeign


Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum námu alls kr. 6.071 milljónum á árinu. Fjárfestingar sjóðsins námu kr. 6.032 milljónum og skiptust verðbréfavíðskipti á eftirfarandi eignaflokka:

	Kaup	Sala
Skuldabréf með ríkisábyrgð	1.922	1.112
Skuldabréf banka og sparisjóða	385	
Veðskuldabréf	816	
Önnur markaðsskuldabréf	576	
Innlend hlutabréf	975	643
Erlend hlutdeildarskírteini	1.358	272
Samtals	6.032	2.027

Skiptingu verðbréfaeignar sjóðsins 31.12.2001 má sjá í eftirfarandi töflu og kökuriti (allar fjárhæðir í milljónum króna):

Verðbréfaeign 31.12.2001

	Kr.	Hlutföll
Húsbréf	11.894	26,6%
Erlend verðbréf	8.753	19,6%
Húsnæðisbréf	6.733	15,1%
Skuldabréf banka og sparisjóða	4.613	10,3%
Innlend hlutabréf	3.741	8,4%
Veðskuldabréf	3.632	8,1%
Fjárfestingalánasjóðir	1.486	3,3%
Skuldabréf fyrirtækja	1.240	2,8%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	1.144	2,6%
Spariskírteini ríkisins	886	2,0%
Önnur skuldabréf	510	1,1%
Samtals	44.632	100%



Fjárfestingar erlendis

Lífeyrissjóðurinn hefur átt samstarf við nokkur innlend og erlend verðbréfafyrirtæki um ávöxtun fjármuna sjóðsins á erlendum mörkuðum. Erlendar fjárfestingar sjóðsins hafa nánast eingöngu verið í hlutabréfum fyrirtækja. Erlend verðbréfaeign sjóðsins er að stærstum hluta í fjárvörslu hjá Morgan Stanley Capital Management í London. Hér er um að ræða sérgreint hlutabréfasafn í eigu sjóðsins sem er stjórnað af Morgan Stanley í samvinnu við stjórnendur lífeyrissjóðsins. Einnig hefur sjóðurinn fjárfest í verðbréfasjóðum (hlutdeildarskírteinum) sem stýrt er af eftirfarandi fyrirtækjum: Alliance Capital Management í Bandaríkjunum, Vanguard Group í Bandaríkjunum, Dresdner Bank í London og Kaupþingi h.f. (alþjóðlegir sjóðir skráðir í Luxemborg). Þá hefur sjóðurinn keypt skuldabréf (structured bonds) af fjárfestingarbankanum Société Générale, þar sem ávöxtun tekur mið af þróun erlendra hlutabréfavisitalna, en höfuðstóll skuldabréfsins er tryggður í íslenskum krónum. Markmið sjóðsins með kaupum á erlendum hlutabréfum er að auka áhættudreifingu í sjóðnum auk þess að stefna á betri ávöxtun til lengri tíma.

Erlend verðbréfaeign sjóðsins skiptist á milli eftirfarandi fjárvörsluaðila og verðbréfasjóða 31.12. 2001 (allar fjárhæðir í milljónum króna):



	Kr.
Morgan Stanley (hlutabréf, sérgreint safn)	3.797
Vanguard (hlutdeildarskírteini)	1.779
Alliance Capital Management (hlutdeildarskírteini)	1.247
Dresdner Bank (hlutdeildarskírteini)	1.095
Kaupþing hf. (hlutdeildarskírteini)	773
Société Générale (skuldabréf)	62
Samtals	8.753



Ávöxtun

Á undanförunum árum hafa verið meiri sveiflur í ávöxtun sjóðsins en áður þekktist. Þetta skýrist af meira vægi innlendra og erlendra hlutabréfa í verðbréfaeign sjóðsins. Fram til ársins 1997 voru mjög litlar sveiflur í ávöxtun, þar sem mikill meirihluti eigna sjóðsins var í skuldabréfum. Tilgangur með því að fjárfesta í hlutabréfum er að skila sjóðfélögum betri ávöxtun til lengri tíma. Til þess að ná þeim árangri þarf sjóðurinn að búa við meiri sveiflur í ávöxtun en ella.

Nafnávöxtun sjóðsins á síðasta ári var 7% sem gerir -1,6% raunávöxtun. Neikvæð raunávöxtun sjóðsins skýrist einkum af neikvæðri ávöxtun innlendra og erlendra hlutabréfa á árinu. Raunávöxtun sjóðsins síðastliðin 5 ár er 5,0%.



Yfirlit yfir raunávöxtun einstakra eignaflokka undanfarin ár

	2001	2000	1999	1998
Skuldabréf með ríkisábyrgð	5,6%	6,0%	6,8%	7,3%
Skuldabréf með bankaábyrgð	5,0%	5,0%	6,7%	6,1%
Skuldabréf sveitarfélaga	5,7%	5,8%	6,5%	6,6%
Önnur markaðsskuldabréf	6,2%	6,3%	7,7%	7,8%
Veðskuldabréf	7,1%	6,3%	6,0%	6,5%
Innlend hlutabréf	-15,8%	-14,1%	39,2%	8,5%
Erlend hlutabréf	-20,8%	-17,8%	42,4%	22,0%
Erlend hlutdeildarskírteini	-13,3%	-7,1%	27,1%	17,0%
Raunávöxtun ársins	-1,6%	-1,3%	12,5%	8,0%

Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðilegar úttektir á stöðu sjóðsins eru gerðar árlega. Fyrirtækið Talnakönnun hf. hefur séð um þær úttektir undanfarin ár. Úttektirnar felast í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri. Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu úttektar Talnakönnunar á stöðu sjóðsins í árslok 2001 og til samanburðar er sýnd staða sjóðsins í árslok 2000. Fjárhæðir eru í milljónum króna.

	2001	2000		
Áfallin staða				
Eign með endurmati	49.878	45.505		
Áfallin skuldbinding	48.147	42.074		
Staða	1.731	3.431	3,6%	8,2%
Heildarstaða				
Eign með endurmati	77.779	70.253		
Heildarskuldbinding	85.292	74.747		
Staða	-7.513	-4.494	-8,8%	-6,0%

Úttektin sýnir að áfallin staða er jákvæð um 1,7 milljarða eða 3,6% þegar miðað er við höfuðstól með endurmati, en heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 7,5 milljarða, eða 8,8%. Hefur hún versnað milli ára en í árslok 2000 var staðan neikvæð um 4,5 milljarða eða um 6,0%. Samkvæmt lögum má heildarstaða sjóðsins aldrei vera verri eða betri en 10% af heildarskuldbindingu og jafnframt má staðan ekki vera verri eða betri en 5% samfellt í fimm ár. Staða sjóðsins er því innan þess ramma sem löggin setja þar sem heildarstaðan er innan 10% markanna og hún var innan 5% markanna fyrir tveimur árum síðan.

Helstu skýringar á versnandi stöðu sjóðsins eru annars vegar ávöxtun sjóðsins, en hún var neikvæð að raunvirði annað árið í röð, og hins vegar sú að lífeyrisréttindi hjá Lífeyrissjóði sjómanna eru mjög mikil í samanburði við aðra sjóði þar sem skylduþjald er 10% og trúlega hvergi betri eins og fram kemur í skýrslu Talnakönnunar.

Séreignardeild

Í september árið 2000 gerði Lífeyrissjóður sjómanna samstarfssamning við Kaupþing hf. um rekstur séreignardeildar sjóðsins. Kaupþing annast móttöku iðgjalda, iðgjaldaskráningu og ávöxtun fjármuna séreignardeildarinnar, auk þess sem þjónusta við rétthafa er jöfnum höndum hjá Kaupþingi og lífeyrissjóðnum. Hjá Kaupþingi, líkt og hjá Lífeyrissjóði sjómanna, er lögð mikil áhersla á að veita sjóðfélögum og rétthöfum fyrsta flokks þjónustu á sviði lífeyrissparnaðar.

Á árinu 2001 varð mjög mikil aukning á rétthöfum séreignardeildarinnar, eða rúmlega 100%. Á árinu var tekinn í notkun nýr lífeyrisvefur Kaupþings, þar sem séreignardeild Lífeyrissjóðs sjómanna skipar stóran sess. Á lífeyrisvefnum geta rétthafar séreignardeildarinnar séð inneign sína og iðgjaldahreyfingar í sjóðnum (www.kaupthing.is).

Útgreiðslureglur viðbótarlífeyrissparnaðar eru sveigjanlegar. Hægt er að semja um hvernig útgreiðslu á séreignarsparnaði skuli háttáð, unnt er að fá allan sparnaðinn greiddan út í einu við 67 ára aldur eða með jöfnum greiðslum hvenær sem er eftir sextugt. Því geta rétthafar miðað útgreiðslur við sínar þarfir og jafnvel flýtt starfslokum. Inneign í séreignarsjóði erfist að fullu. Séreignardeild Lífeyrissjóðs sjómanna veitir sjóðfélögum alla kosti viðbótarparnaðar.

Undanfarin misseri hafa breyttar áherslur stjórnvalda á Íslandi gert viðbótarlífeyrissparnað að áhugaverðum sparnaðarkosti. Urðu breytingarnar til þess að auka áhuga meðal þjóðarinnar á lífeyrisrétti sínum og í kjölfarið hafa vinnuveitendur og launþegar samið um aukið mótframlag vinnuveitanda í lífeyrissparnað, með misjöfnum hætti þó. Kaupþing og Lífeyrissjóður sjómanna hafa lagt mikla áherslu á að upplýsa sjómenn um lífeyrisrétt sinn og kosti þess að taka þátt í viðbótarlífeyrissparnaði.

Fjárfestingarstefna séreignardeildarinnar fer eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins. Heimilt er að fjárfesta í traustum innlendum og erlendum bréfum, bæði skuldabréfum og hlutabréfum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði. Einnig er heimilt að fjárfesta í verðbréfasjóðum. Eingöngu hefur verið boðið upp á eina fjárfestingarleið, en stjórn sjóðsins hefur ákveðið að koma til móts við mismunandi þarfir sjóðfélaga sinna og mun því auka valfrlsi við ávöxtun séreignar á árinu 2002. Raunávöxtun séreignardeildarinnar á árinu 2001 var 1,03% sem teljast verður gott á því erfiða ári sem árið 2001 var á hlutabréfamörkuðum innanlands og utan. Sama má raunar segja um árið 2000, en þá var raunávöxtun séreignardeildarinnar 1,84%.

Ársfundur 2001

Ársfundur Lífeyrissjóðs sjómanna 2001 var haldinn að Grand Hótel í Reykjavík 16. maí. Fundinn sátu með atkvæðisrétti fulltrúar tilnefndir af samtökum launþega og atvinnurekenda, en einnig hópur sjóðfélaga. Á fundinum flutti formaður sjóðsstjórnar skýrslu stjórnar, aðstoðarframkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir ársreikningi, tryggingafræðingur fór yfir tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum miðað við árslok 2000 og sjóðsstjóri útskýrði fjárfestingarstefnu sjóðsins. Þá flutti Sigurður Arngrímsson frá verðbréfafyrirtækinu Morgan Stanley í London erindi um erlendar fjárfestingar.

Hæstaréttardómur

Í desember 2001 sýknaði Hæstiréttur íslenska ríkið af kröfu Lífeyrissjóðs sjómanna um 1,4 milljarða bætur vegna lagabreytinga sem gerðar voru árið 1981 og sjóðurinn taldi að leitt hefðu til þess að eignir hans skertust. Vísaði sjóðurinn til ákvæða stjórnarskrár um eignarétt og taldi að ríkisvaldinu bæri að bæta þessa eignaskerðingu að fullu. Hæstiréttur taldi hins vegar að umrædd lagabreyting hefði ekki leitt til þess að fjármunir væru teknir frá Lífeyrissjóði sjómanna, heldur hefðu greiðslur hans til ákveðinna sjóðfélaga aukist á kostnað heildarinnar. Því hafi lagabreytingin í raun þýtt tilfærslu réttinda milli félaga í lífeyrissjóðnum.

Lagabreytingarnar sem um var deilt leiddu til hækkunar lífeyrisgreiðslna til sjóðfélaga sem hófu töku ellilífeyris fyrir 65 ára aldur og því aukinna lífeyrisskuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn höfðaði mál á hendur ríkinu og krafðist fjárhæðar sem samsvaraði auknum greiðslum sjóðsins og greiðsluskuldbindingum vegna breytinganna og taldi lagasetninguna hafa leitt til skerðingar á eignum sjóðsins sem aðrir lífeyrissjóðir hafi ekki þurft að sæta.

Hæstiréttur féllst á það með lífeyrissjóðnum að undirbúningur frumvarpsins hefði verið óvandaður. Full ástæða hefði verið til þess að láta tryggingafræðing reikna út hvað ætla mætti að breytingin kostaði lífeyrissjóðinn og þann útreikning hefði síðan átt að leggja fyrir Alþingi og skýra frá því hvort og þá hvaða aðgerðir væru fyrirhugaðar til þess að mæta auknum útgjöldum.

Segir Hæstiréttur að hvorki í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. desember 1980 né athugasemdum við lagafrumvarpið sé nokkuð að finna um það hvernig fjármagna átti þessa breytingu. Því var ekki fallist á að skýra hafi mátt aðgerðir ríkisstjórnarinnar svo að hún ætlaði ríkissjóði að standa straum af kostnaðinum sem af þessu leiddi. Jafnvel þótt stjórn lífeyrissjóðsins hafi talið að í gerðum ríkisstjórnarinnar hafi verið að finna einhvers konar fyrirheit um að greiða kostnaðinn, hafi ekki falist í þeim bindandi loforð að lögum um greiðslur úr ríkissjóði. Til þess hefði þurft lagaheimild.



Ársreikningur 2001

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2001 greiddu 642 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins, samtals að fjárhæð 1.886 millj. kr., fyrir 5.800 sjóðfélaga. Sjóðfélagar í árslok 2001 voru 38.584.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls 975 millj. kr. Ellilífeyrir nam 410 millj. kr., örorkulífeyrir 419 millj. kr., makalífeyrir 108 millj. kr., og barnalífeyrir 38 millj. kr. Fjöldi ellilífeyrisþega á árinu var 1.284, örorkulífeyrisþega 882, makalífeyrisþega 499 og 507 fengu greiddan barnalífeyri. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 3.172. Til samanburðar voru lífeyrisgreiðslur á árinu 2000 samtals 869 millj. kr.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Hrein eign til greiðslu lífeyris samtryggingardeildar nam 44.838 millj. kr. í árslok 2001 og hækkaði á árinu um 3.680 millj. kr. eða 8,9%. Raunávöxtun á eignum deildarinnar miðað við vísitölu neysluverðs var neikvæð um 1,7%. Fjöldi sjóðfélaga í séreignardeild sjóðsins var í árslok 176 og hrein eign deildarinnar til greiðslu lífeyris nam 30 millj. kr. í árslok 2001. Raunávöxtun séreignardeildar miðað við innborgun iðgjalda var 1,0%.

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í verðbréfum fyrir 6.033 millj. kr. á árinu, en vísað er til ársreiknings varðandi skiptingu fjárfestingarinnar.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu sameignardeildar sjóðsins miðað við árslok 2001. Samkvæmt henni átti sjóðurinn 1.731 millj. kr. umfram áunnin réttindi sjóðfélaga í árslok miðað við 3,5% vexti. Þá bentu niðurstöðurnar til þess að framtíðariðgjöld sjóðsins leiddu til skuldbindinga sem yrðu um 7.514 millj. kr. hærri en iðgjöldin og sjóðurinn ætti fyrir um 91,2% skuldbindinga.

Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. febrúar 2002.

Stjórn:

Gunnar I. Hafsteinsson	Konráð Alfreðsson
Guðmundur Ásgeirsson	Benedikt Valsson
Þórhallur Helgason	Friðrik R. Eggertsson
Jónas Garðarsson	Ásgeir Valdimarsson

Framkvæmdastjóri:

Árni Guðmundsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs sjómanna.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs sjómanna fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 17. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2001, efnahag hans 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001, í samræmi við lög, reglugerð sjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 13. febrúar 2002.

Ólafur Nilsson
Helgi F. Arnarson

KPMG Endurskoðun hf.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2001

	Skýr	2001	2000
<i>Iðgjöld:</i>			
Iðgjöld sjóðfélaga		765.601.171	663.705.764
Iðgjöld launagreiðenda		1.120.931.966	989.782.448
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(419.686)	7.059.707
		<u>1.886.113.451</u>	<u>1.660.547.919</u>
<i>Lífeyrir:</i>			
Lífeyrir	15	975.222.255	869.050.990
Umsjónarnefnd eftirlauna	(956.506)	(958.874)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		3.399.758	1.308.185
		<u>977.665.507</u>	<u>869.400.301</u>
<i>Fjárfestingartekjur:</i>			
Tekjur af eignarhlutum	(347.202.547)	(447.554.222)
Tekjur af húseignum		2.180.207	2.007.380
Vaxtatekjur og gengismunur	16	3.215.369.177	1.954.913.861
Hagnaður af sölu fjárfestinga		11.960.601	0
Niðurfærsla veðskuldabréfa	(8.520.392)	(10.393.517)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	(3.546.926.941)	(1.634.656.604)
		<u>(673.139.895)</u>	<u>(135.683.102)</u>
<i>Fjárfestingargjöld:</i>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4	21.893.964	18.248.035
Vaxtagjöld		0	441.206
		<u>21.893.964</u>	<u>18.689.241</u>
<i>Rekstrarkostnaður:</i>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4	46.992.593	42.076.204
Annar rekstrarkostnaður		11.340.239	8.303.323
		<u>58.332.832</u>	<u>50.379.527</u>
Hækkun á hreinni eign án matsbreytinga		155.081.253	586.395.748
<i>Matsbreytingar:</i>			
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga		3.546.926.941	1.634.656.604
Endurmatshækkun rekstrarfjármuna		3.704.961	1.780.339
	2	<u>3.550.631.902</u>	<u>1.636.436.943</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		3.705.713.155	2.222.832.691
Hrein eign frá fyrra ári		<u>41.161.795.553</u>	<u>38.938.962.862</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>44.867.508.708</u>	<u>41.161.795.553</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2001

	Skýr	2001	2000
<i>Fjárfestingar:</i>			
Fasteign	7	41.310.311	38.941.207
<i>Aðrar fjárfestingar:</i>			
Verðbréf með breytilegum tekjum	8	12.520.185.976	12.457.433.146
Verðbréf með föstum tekjum	9	28.513.816.306	25.934.390.597
Veðlán	5,10	3.583.389.120	2.851.449.002
		<u>44.617.391.402</u>	<u>41.243.272.745</u>
Fjárfestingar		<u>44.658.701.713</u>	<u>41.282.213.952</u>
<i>Kröfur:</i>			
Kröfur á launagreiðendur	6	205.743.538	121.100.864
Aðrar kröfur		10.493.474	6.902.277
		<u>216.237.012</u>	<u>128.003.141</u>
<i>Aðrar eignir:</i>			
Rekstrarfjármunir	7	5.525.253	5.814.096
Sjóður og veltiinnlán		136.206.639	98.958.661
		<u>141.731.892</u>	<u>104.772.757</u>
Eignir samtals		<u>45.016.670.617</u>	<u>41.514.989.850</u>
<i>Skuldir:</i>			
Skuldir við lánastofnanir		0	281.419.117
Aðrar skuldir		17.164.290	11.289.919
Áfallinn kostnaður		131.997.619	60.485.261
Skuldir samtals		<u>149.161.909</u>	<u>353.194.297</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris	12	<u><u>44.867.508.708</u></u>	<u><u>41.161.795.553</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2001

	Skýr.	2001	2000
<i>Inngreiðslur:</i>			
Iðgjöld		1.801.470.777	1.678.244.469
Fjárfestingartekjur		1.315.679.369	1.125.380.517
Afborganir verðbréfa		2.220.790.145	2.072.206.316
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		908.384.244	2.612.820.643
Seld verðbréf með föstum tekjum		1.147.600.697	1.758.029.633
Lántaka		0	281.419.117
Seldar aðrar eignir		7.000.000	1.582.793
